

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1161	Aðalstræti 20				
Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður	400 Ísafjörður				
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	10.9.2024	10.9.2024	10	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 2 skoðunaratriða af 16. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunaratriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 0 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

24.9.2024

Alvarlegt frávik

Frávik

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

4.1.3 Eldisbúnaður

Niðurstaða eftirlits

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Guðmundur Ólafsson

8480473

gola@afish.is

gæðastjóri

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 10.09.2024

Alvarlegt frávik

Við reglubundna yfirferð Matvælastofnunar á innsendum gögnum úr framleiðsluskýrslum kom í ljós að 219.589 fiskar reyndust í kví EY02 á eldissvæðinu Eyrarhlíð í Dýrafirði.

Samkvæmt 1. mgr. 14. greinar reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum er ekki heimilt að vera með fleiri en 200.000 fiska í hverri kví.

Matvælastofnun fer fram á það að fjölda fiska í kví EY02 í Eyrarhlíð verði komin undir 200.000 þann 20. september 2024 og að rekstrarleyfishafi sendi stofnuninni staðfestingu á að svo hafi verið gert.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 21.06.2024

Alvarlegt frávik

Ekki var tilkynnt um frávik á búnaði skv. 3. mgr. 46. a. greinar í reglugerð nr. 540/2020, en skv. henni á að tilkynna frávik samdægurs.

Frávik uppgötvast á kvíum 4, 5 og 12 á eldissvæðinu Eyrarhlíð 3. og 4. ágúst 2024 en tilkynning barst 26. ágúst s.á.

Frávik uppgötvast á kví 11 á eldissvæðinu Eyrarhlíð 6. ágúst 2024 en er tilkynnt 15. ágúst s.á

Frávik uppgötvast á kví 3 á eldissvæðinu Eyrarhlíð 8. ágúst 2024 en er tilkynnt 3. september s.á.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.